Málverk í ýmsum myndum

MYNDLIST

Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhús

Carnegie Art Award 2006

Stendur til 20. ágúst. Opið alla daga frá 10–17.



Sígilt viðfangsefni *Karin Mamma Andersen: About a girl.*

LANDSMÖNNUM gefst nú kostur á að sjá í Hafnarhúsinu verk þeirra listamanna, 21 að tölu, sem tilnefndir voru til norrænu Carnegie-myndlistarverðlaunanna í ár. Viðburðurinn felur í sér víðtæka kynningu á listamönnunum í formi sýningarhalds, útgáfu bókar, myndbands og heimasíðu þar sem sjá má öll verkin, þ.e. einnig þau sem ekki eru sýnd hér á landi. Sýningin hefur ferðast um Norðurlöndin og verður í framhaldinu sett upp í Nice í Frakklandi, í Lundúnum og að lokum í Kaupmannahöfn.

Carnegie-sýningarnar, sem hófust 1998, hafa jafnan það markmið að spegla norræna samtímamyndlist, með sérstakri áherslu á málaralistina. Málverkið hefur því birst sem nokkuð teygjanlegt hugtak á þessum sýningum. Á sýningunni nú eru t.d. fjórir íslenskir þátttakendur og sýna tveir þeirra, Eggert Pétursson sem hlaut 2. verðlaun og Jón Óskar, hefðbundin olíumálverk unnin á striga (sá síðarnefndi notar einnig býflugnavax). Finnbogi Pétursson sýnir innsetningu sem m.a. er unnin með hljóðbylgjum og ljósi og Steingrímur Eyfjörð sýnir myndbandsverk og málverk sem unnið er með glerungi (enamel) á ál. Í heild má segja að verkin á sýningunni séu þó nær öll unnin á tvívíðan flöt, þó að tæknin sé mismunandi.

Viðleitni í samtímanum til að skilgreina málverkshugtakið mótast óhjákvæmilega af skilgreiningum á því hvað málverk er ekki og hefur þar verið rætt um „díalektík“, skapandi átök eða spennu, í sambandi málverksins við aðra sjónræna miðla og tækni. Á Carnegie-sýningunum hefur verið lögð áhersla á að sýna fram á slíka virkni í norrænu málverki samtímans og tekst það ágætlega á þessari sýningu.

Sé þannig litið til innsetningar Finnboga, þá felur verk hans Draumur að vissu leyti í sér umfjöllun um málverkið, einkum hið sjálfbæra móderníska málverk frá því fyrr á öldinni, og hið leiðslukennda áhorf sem talið var viðeigandi við skoðun þess. Svonefndar þetabylgjur leika stórt hlutverk í verkinu, sem vissulega hefur dáleiðandi áhrif á áhorfandann, en á textaspjaldi á vegg kemur fram að þetabylgjur myndast einnig í heila fólks sem lætur sig dagdreyma. Verk Finnboga er þannig fyrst og fremst ákveðið ástand fremur en efnislegur hlutur og undirstrikar samband verks og áhorfanda sem lifir sig inn í það. Ætla mætti að áhrifin af olíumálverkum Eggerts Péturssonar framkalli þetaheilabylgjur þegar áhorfandinn týnir sér ýmist í „blómlegum“ smáatriðum eða í heildarfegurð verkanna.

Hin fígúratífa frásögn er mjög áberandi á sýningunni og þar svífur skandinavískur „akademismi“ yfir vötnum í málaratækni og litameðferð, svo sem í verkum Karin Mamma Andersen, sem hlaut 1. verðlaun, Lise Blomberg Andersen, Jans Håfströms og Eriks A. Frandsens. Dempaðir litir eru látnir þekja myndflötinn í þunnum lögum en hinn síðastnefndi gerir einnig tilraunir með að innlima umhverfið og áhorfandann í verk sín með spegilfægðu stáli líkt og í verkinu sem er á þessari sýningu. Framsetningin er öllu lausbeislaðri í verkum Mariu Lindberg og Steingríms Eyfjörð; Maria málar beint á vegginn eða á pappír og í verkum beggja er það hugmyndin sem gildir fremur en áherslan á meðferð litarins á myndfletinum. Verk Kathrine Ærteberg ber einnig með sér léttleika og kímni en betri heildarmynd hefði fengist við að sýna bæði Carnegie-verk hennar en hér er einungis sýnt annað. Verk Jóns Óskars og Kiru Wager fela í sér hressilegan tjáningarkraft og spennu þar sem þau leika á mörkum hins óhlutbundna í tengslum við stöðu áhorfandans í sýningarrýminu. Í óhlutbundnu verki beitir Josefine Lyche sérstakri áferð sem leiðir hugann að mörkum list- og húsamálunar og að eiginleikum málningarinnar sjálfrar.

Kvikmyndaáhrifa gætir í fantasíukenndum málverkum Astrid Nondal, þar sem m.a. rómantískt par af hvíta tjaldinu virðist birtast okkur í dulúðugri blómaveröld, og í myndbandsverki Petru Lindholm sem hlaut 3. verðlaun. Hún fjallar um sjónræna skynjun í tengslum við grafíska myndmiðlun samtímans og brýtur jafnframt upp frásagnartækni kvikmyndamiðilsins. Henrik Samuelsson fjallar einnig um slíka myndmiðlun í málverkum sínum. Magnus Wallin sýnir tölvuunnið þrívíddarmyndband sem skírskotar í niðurbrot akademískra gilda hvað varðar fjarvíddarblekkingu og „rétta“ módelteikningu í málverki en túlka mætti svart vænghafið sem hið póstmóderníska ástand. Sérstakan styrk hlaut Sirous Namazi en ljósmyndaverk hans vísar m.a. til fjarvíddarhugmyndarinnar um málverkið sem glugga út í heiminn – en þar er það svart tómið sem blasir við í bland við spegilmynd áhorfandans.

Carnegie-sýningin í ár gefur þó síst tilefni til svartsýni: málverkið er sígilt viðfangsefni og samgróið menningarlegri vitund nútímamannsins líkt og verðlaunahafinn Karin Mamma minnir á í myndum sínum.

Anna Jóa

Lesbók

mælir með...

Myndlist

Lesbók mælir með að myndlistarunnendur kynni sér glænýja innsetningu myndlistarmannsins Hreins Friðfinnssonar sem sýnd er í Galleríi Suðsuðvestur um þessar mundir. Hreinn er einn af okkar þekktari myndlistarmönnum og verk hans hafa jafnan þögla en sterka nærveru. Er innsetningin *Sögubrot og myndir* þar engin undantekning.
Sýningin stendur til 20. ágústs næstkomandi.

Tónlist

Reykholtshátíð er hafin í Borgarfirðinum, en þessi árlega tónlistarhátíð fagnar nú tíu ára afmæli sínu.
Dagskráin er óvenju glæsileg af því tilefni, en hingað eru komin pólska píanótríóið Trio Polskie og tékkneska hljómsveitin Virtuosi di Praga og leika með íslenskum listamönnum um helgina. Diddú syngur með Steinunni Birnu Ragnarsdóttur kl. 15 í dag, og Pólverjarnir leika svo kammermúsík kl. 20 í kvöld. Hljómsveitin verður svo í aðalhlutverki á lokatónleikum á morgun kl. 16. Eins og endranær er úrval sígildra kammerverka á dagskrá Reykholtshátíðarinnar.
Emiliana Torrini og skoska hljómsveitin Belle and Sebastian verða með tónleika í Bræðslunni á Borgarfirði eystra í kvöld og mælir Lesbók með þeim. Það er löngu uppselt á tónleikana. Í viðtali við Morgunblaðið í vikunni, sagði Stuart Murdoch, forsprakki B&S, aðspurður um hvort Íslendingar fengju að heyra




Morgunblaðið/Þorkell

Borgarfjörður eystri í kvöld *Emiliana Torrini syngur þar, og hljómsveitin Belle & Sebastian*

einhverja af smellum hljómsveitarinnar: „Ó, já, en til að vera hreinskilinn, margir verða hissa á því þegar þeir sjá okkur spila, að við spilum enn svona mörg lög af *Tigermilk*, og *If You're Feeling Sinister* [fyrstu tveimur plötunum] en málið er, við erum ekkert að pína okkur til að gera þetta, við höfum bara svo gaman af þessu. Okkur finnst frábært að geta leitað aftur í gömlu lögin.“
Þriðji tónlistarviðburðurinn sem Lesbók mælir með eru tónleikar Sigur Rósar annað kvöld kl. 20.30, en þeir verða á Klambratúni.

Lesarinn

Eins og sannur biblíófíll er ég oftast með nokkrar bækur í takinu í einu og les aftur og aftur þær sem ég ann mest. Á þessum árstíma les ég iðulega bækur um landið ástkæra og gönguslóðir sem ég hef hug á að heimsækja, og hef ég því verið að endurlesa ýmsar bækur Ferðafélagsins um Suðurland og Suð-Austurland, einnig Við rætur Vatnajökuls eftir Hjörleif Guttormsson, sem er mjög ítarleg og góð lesning fyrir alla sem vilja kynna sér þetta svæði. Ég hef um tíma grúskað í bókum sem fjalla um Gnostikerana, nú í vikunni lauk ég einni eftir Benjamin Walker. Jafnframt endurlas ég Last interview – all we are saying, síðasta viðtalið sem tekið var við John Lennon með þátttöku Yoko Ono. Þar kemur sterkt fram hvað Yoko er djúpvitur, enda kallar John hana lærimeistara sinn. Eftirminnilegasta bókin sem ég hef lesið nýverið er þó Leyndarmál býflugnanna eftir Sue Monk Kidd í frábærri þýðingu Guðrúnar Evu Mínervudóttur. Þar heita sögupersónurnar Lily, Rosaleen, May, June og August, nöfn þeirra minna á blóm og sumar; og ekki nóg með það, heldur lekur hunang af hverri blaðsíðu. Tímaramminn er tregasætt þroskasumar ungrar stúlku sem saknar látinnar móður og flýr frá harðlyndum föður. Í mínum huga fjallar bókin um þrá eftir umhyggjusamri og viturri móður og hvernig „hinir móðurlausu“ geta eignast nýja móður, eða jafnvel mæður, með því að komast í kynni við eða ættleiða í huga sér konur sem þeir geta lært af og notið huggunar hjá. Þessi bók gagntók mig alveg. Er búin að ættleiða Yoko Ono. Líka Guðrúnu Evu dóttur Mínervu.



Harpa Björnsdóttir

Harpa Björnsdóttir